

Fréttabréf Síðuskóla

2018-2019

4.12. 2018 4. bréf



Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er desembermánuður genginn í garð með allri sinni ljósadýrð og hlýleika. Eins og allir vita er árhátíðin búin og tókst okkur að klára hana að lokum í blíðskapar veðri. Við getum verið stolt af okkar flottu krökkum sem stóðu sig af stakri prýði, hvort sem um var að ræða undirbúning, leikatriði eða frágang.

Í desember verður ýmislegt um að vera í skólanum. Uppbrot verða í skólastarfinu þar sem við munum meðal annars fönndra, syngja saman jólalög á söngsal, fara á tónleika, sjá jólaleikrit, heimsækja Minjasafnið og ýmislegt fleira.

Litlu jólin verða þann 21. desember. Við munum halda fyrir-komulagi síðustu ára og hafa allan skólann á sama tíma á litlu jólum. Það koma því allir í skólann kl. 9.00 og fara heim um kl. 11.00. Fyrst verður hópnum skipt í salinn og stofur en eftir það hittast svo allir í íþróttasalnum og ganga saman í kringum jólatréð.

Fristund er opin þennan dag til kl. 13.00 fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk en frá kl. 13.00 er opið fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir, greiða þarf sérstaklega fyrir þennan tíma. Sama gildir um skipulagsdaginn 3. janúar. Þann 2. janúar er Fristund opin fyrir þá sem eru með virkan dvalarsamning.

Skólinn hefst svo aftur eftir jólaeyfi föstudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá.

Starfsfólk Síðuskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða.

Með hækkandi sól höldum við svo áfram að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Á döfinni í desember:

- 5. des Jólauppbrot—jóla-söngsalur og fönndur
- 6. des Upplestur 2.—7. b.
- 13. des Upplestur 8.—10. b.
- 20. des Spurningakeppni 8.—10. b.
- 21. des Litlu jólin og jólaeyfi hefst
- 4. jan. Kennsla hefst að nýju eftir jólafrí

SMT

Desember er tileinkaður vináttu.

Regla mánaðarins er:

“Við hugsum um þá sem eru einir og skiljum engan útundan”



Stóra og litla upplestrarkeppnin

Stóra og upplestrarkeppnin í 7. bekk og Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk voru settar á sal Síðuskóla á Degi íslenskrar tungu föstudaginn 16. nóvember sl. Margt var á dagskrá þennan dag. Fyrst kom miðstigið á sal og hlustaði á ávarp deildarstjóra. Að því loknu fór Guðrún á bókasafninu yfir æviskeið Jónasar Hallgrímssonar. Rakel Alda Steinsdóttir í 8. bekk las ljóð en hún var annar fulltrúi Síðuskóla í Stóru upplestrarkeppninni sl. vor. Nemendur höfðu útbúið efni sem flutt var í tilefni af 100 ára fullveldisafmælisins sem er 1. desember nk. Svipuð dagskrá var hjá yngsta stiginu sem mætti seinna um morguninn. Að síðustu mætti unglingastigið á sal. Þar fór fram hópavinna í aldursblönduðum hópum, en verkefnið fólst í að finna bestu íslensku þýðinguna á algengum enskuslettum í íslenskunni. Hér að neðan má sjá myndir frá þessum skemmtilega degi.



Gjöf frá Lions.

Á þessu starfsári Lions hreyfingarinnar er íslensk kona, Guðrún Björt Ingvadóttir, alþjóðaforseti. Hún er jafnframt fyrsta konan til að gegna því starfi. Guðrún er væntanleg í heimsókn og í tilefni þess hafa Lionsklúbbarnir ákveðið að gefa ákveðna fjárhæð á hvern nemanda í grunnskólum frá Siglu-firði að Vopnafirði til bókakaupa. Síðuskóli fékk samtals kr. 160 þúsund sem á eftir að koma að góðum notum. Við í skólanum þökkum þessa höfðinglegu gjöf og látum hér fylgja mynd þegar Guðrun bókavörður og Ólöf skólastjóri veittu gjöfinni viðtöku.



Gjöf frá FOKS

Foreldra- og kennarafélag Síðuskóla gaf skólanum nýlega 60 þús. krónur til bóka-kaupa. Þessi gjöf á eftir að nýtast vel til kaupa á bókum nú fyrir jólin. Við þökkum vel fyrir þessa góðu gjöf.



Árshátíð Síðuskóla

Árshátíð Síðuskóla var haldin dagana 29. og 30. nóvember sl. og gekk mjög vel. Fjölbreytt atriði voru til sýnis og hér að neðan má sjá myndir frá árshátíðinni. Sýningarnar voru alls sex sem voru allar vel sóttar. Eins og myndirnar hér að neðan bera með sér skemmtu nemendur sér vel.



MATSEÐILL — desember 2018

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. Skipulagsdagur	4. Kjötsúpa	5. Bayonesskinka, kartöflur, sósa, meðlæti	6. Soðin ýsa, kartöflur, rúg- brauð, ávextir	7. Lambagúllas í sósu, kartöflur
10. Plokkfiskur, kartöflur, rúg- brauð, ávextir	11. Kjötbollur, kartöflustappa grænmeti	12. Ostafylltur fiskur, kartöflur, kokteilsósa, ávextir	13. Tortillakökur, kjúklingur, salsasósa, grænmeti	14. Makkarónu- grautur, ávaxtabar
17. Hakk, spaghetti, grænmeti	18. Kjúklinga- naggar, með- læti	19. Svínasnitsel, kartöflur, smjör, grænmeti	20. Soðin ýsa, kartöflur, rúg- brauð, ávextir	21. Litlujólin
24.	25.	26.	27. Jólafrí— Frístund opin	28. Jólafrí— Frístund opin
31.		2.	3.	